

Skólaráðsfundur 05.06

Mættir: Brynja Hafsteinsdótti, Halla Óladóttir, Björk Óladóttir, Alma Svanhild Róbersdóttir, Sigríður Ósk Salmannsdóttir, Gunnlaug Björk Guðbjörnsdóttir, Erla Gunnlaugsdóttir, Ása Björk Stefánsdóttir.

Ritun fundagerðar: Ása Björk Stefánsdóttir

Efni fundar: Niðurstöður skólapúls 5.-6. bekk

Erla fór yfir niðurstöður.

Brynja ræddi um kynjamun. Hvað ylli því að stúlkur kæmu ekki vel út miðað við að hafa fengið stuðning sem stúlknaþpur. Einnig að drengir fengu námskeið. Erla minntist á að það væri ekki nóg að fá inn aðila til að vera með klukkutíma námskeið en enga eftirfylgni.

Þátturinn “Trú á eigin getu í námi” kemur ekki vel út. Rætt um mikilvægi þess að huga að þessum þætti og vinna með hann. Ása minntist á að nú fengist stærra hlutfall fyrir einn kennara að sinna félagsfærni nemenda.

Jón Garðar spurðist fyrir um hvort hægt væri að skoða hvað skólar sem koma vel út í þessum þætti. Ása svaraði því til að það hefði ekki verið gert. En stefnan væri að vinna meira með skólum í nágrenninu.

Áfram umræður um efnið. Vandanum velt og spáð í hvað gera þarf til að laga hluti.

Erla fór yfir að unnið yrði með niðurstöður skólapúlsins á markvissann hátt með aðgerðaráætlun og markvisst stefnt að því að bæta hluti. Að auki væri Olveusaráætlun, uppeldisstefna og annað til að vinna með.

Yngri bekkir – Framfarir hafa orðið í lestri milli ára hjá öllum árgöngum. Erla nefndi að áhersla væri lögð á lestur og lestraraðferðir.

Fleira ekki rætt

Ása Björk Stefánsdóttir